




SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nýr Kjarasamningur Grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga



Gildistími

- 1. desember 2017 til 30. júní 2019.



Innihald kjarasamnings

- 4,1% launahækkun frá og með 1. júní 2018
- 150.000 kr. eingreiðsla 1. júlí 2018
- Launaflokkur bætist við eftir 20 ára kennsluferil (**Fyrir alla**)
- Hugtakið vinnumat fellur út
- Tími til undirbúnings kennslu/annarra verkefna er aukinn um 1 klst.

Mat menntun breytist



Innihald kjarasamnings frh.

- Ákvæði tæknifrjóvgun
- Breyting á ákvæði um uppbrotsdaga
- Breyting á ákvæði um nemendaferðir
- Breyting á ákvæði um leiðsögn nýliða
- Fimm bókanir:
 - Eftirfylgd með bókun eitt
 - Úttekt á störfum skólasafnskennara
 - Trygging raddar
 - Samstarf við menntamálayfirvöld
 - Launaröðun starfsheita



Launahækkun og eingreiðsla

- Laun allra starfsheita hækka frá og með 1. júní 2018 um 4,1%
- Eingreiðsla: Bætir m.a. samninglaust tímabil frá 1. desember – 31. maí.
 - Þeir félagsmenn sem voru í fullu starfi í maí 2018 fá eingreiðslu kr. 150.000. Eingreiðslan greiðist þann 1. júlí 2018. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í maí 2018. Félagsmenn í fullu fæðingarorlofi fá eingreiðslu. (Bókun í samstarfsnefnd)

Árétting um fæðingarorlof og eingreiðslu

- Félagsmaður FG sem er í launalausum leyfi í maí 2018 í framhaldi af fæðingarorlofi fær eingreiðslu hlutfallslega m.v. þann tíma sem viðkomandi var í fæðingarorlofi á tímabilinu 1. desember 2017 – 31. maí 2018.



2 ný starfsheiti leiðbeinenda

- **Leiðbeinandi 1 (lfl. 226)**
 - Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu.
- **Leiðbeinandi 2 (lfl. 228)**
 - Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og er í kennaranámi við háskóla (B.Ed námi).
- **Leiðbeinandi 3 (lfl. 228) Nýtt**
 - Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og hefur lokið háskólaprófi s.s BA/BS. sem nýtist í starfi.
- **Leiðbeinandi 4 (lfl. 229) Nýtt**
 - Hefur lokið B.Ed. prófi í grunnskólakennarafræðum eða hefur leyfisbréf á öðrum skólastigum og hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu.



20 ára kennsluferilsflokkur

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Launaflokkur bætist við eftir 20 ára kennsluferil (eða við 50 ára aldur hjá þeim sem taka laun eftir lífaldri (sólarlagsákvæði frá 2004).
- Þetta á við um alla, líka þá kennara sem ekki afsöluðu sér kennsluafslætti.



Hugtakið vinnumat felld út

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Hugtakið vinnumat fellur niður. A, B og C rammi falla niður en í staðinn nær vinnuskýrsla utan um skipulag vikulegrar vinnuskyldu.
- Vinnutíma kennara er áfram skipt upp í þrjá þætti sem líst er í kjarsamningi sem:
 - Kennslu, undirbúningi og úrvinnslu kennslu (Störf sem njóta skulu forgangs í starfi kennara)
 - Önnur fagleg störf
 - Starfsþróun og/eða aukinn undirbúningur
- Vikuleg kennsluskylda verður föst 26 kennslustundir mv. 100 starf.
- Tími til undirbúnings er aukinn um 1 klst á viku og tími til annarra faglegra starfa lækkaður til að mæta breytingunni í 8,14 klst. Skólastjóri má nú ráðstafa allt að 4 klst. í fundi innan skóla á viku.



Viðbótarlaunaflokkar, menntun

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Tekið upp persónuálag vegna menntunar
- 2% hækkun fyrir hverjar 30 ECTS einingar á háskólastigi umfram grunnnámsprófgráðu
- Alls geta kennararmeð leyfisbréf fengið 16% hækkun (240 ECTS einingar)
- Leiðbeinendur 3 og 4 geta fengið allt að 8% hækkun (120 ECTS einingar)
- Leiðbeinendur 1 og 2 fá menntun ekki metna.



Annaruppbætur

- Annaruppbót 1. júní 2018 kr. 85.000,-
- Annaruppbót 1. desember 2018 kr. 85.000,-
- Annaruppbót 1. júní 2019 kr. 89.000,-



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Tæknifrjóvgun

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018



- Samhljóða öðrum kjarasamningum – sama framkvæmd
- Þeim starfsmönnum sem eru fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar verði greidd dagvinnulaun og eftir atvikum vaktaálag skv. reglubundinni verðskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga ef nauðsyn krefur. Starfsmaður skili vottorði frá viðkomandi lækni sem framkvæmir tæknifrjóvgunina eða þeim lækni sem sendir starfsmanninn í þessa aðgerð en þá verður það að koma fram á vottorðinu að um slíka ákvörðun sé að ræða.



Uppbrotisdagar

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Uppbrotisdagar geta mest orðið 10 á skólaárinu og skal geta þeirra á skóladagatali
- Uppbrotisdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags en telst þá sem heill dagur
- Skertir skóladagar nemenda eru ekki hluti af uppbrotisdögum



Nemendaferðir

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Þegar kennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar.
- Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu.
- Vegna ferðalaga með nemendur til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00.00 – 07:00 eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu.
- Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.



Leiðsögn nýliða

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Heimilt er að fela grunnskólakennara leiðsögn nýliða við þann skóla sem þeir starfa eða aðra skóla í sama sveitarfélagi.
- Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu í eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum.
- Kennari sem tekur að sér leiðsögn nýliða samkvæmt ofangreindu fær eina kennslustund á viku í kennsluafslátt fyrir hvern nýliða þann tíma sem verkefnið varir.



Bókanir

- Eftirfylgd með bókun eitt
- Úttekt á störfum skólasafnskennara
- Trygging raddar
- Samstarf við menntamálayfirvöld
- Launaröðun starfsheita



Launatafla 2

Tekur gildi frá og með 1. júní

LAUNATAFLA 2		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. júní 2018 til 30. júní 2019		
	Launaflokkur	Grunnlaun
Leiðbeinandi 1	226	384.069
	227	393.929
Leiðbeinandi 2 / Leiðbeinandi 3	228	404.080
Leiðbeinandi 4	229	414.541
	230	425.316
	231	436.411
	232	447.839
Grunnskólakennari / Danskennari	233	459.609
	234	471.735
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	484.225
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	497.087
	237	510.338
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	523.982
	239	538.037
	240	552.515
Verkefnisstjóri 2	241	567.429
	242	582.785
	243	598.606
	244	614.902
	245	631.685
	246	648.974



Launatafla 1

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

LAUNATAFLA 1										
Félag grunnskólakennara										
Gildir frá 1. ágúst 2018 til 30. júní 2019										
	Launa- flokkur	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
Leiðbeinandi 1	226	384.069	391.750	399.432	407.113	414.795	422.476	430.157	437.839	445.520
	227	393.929	401.808	409.686	417.565	425.443	433.322	441.200	449.079	456.958
Leiðbeinandi 2	228	404.080	412.162	420.243	428.325	436.406	444.488	452.570	460.651	468.733
Leiðbeinandi 3										
Leiðbeinandi 4	229	414.541	422.832	431.123	439.413	447.704	455.995	464.286	472.577	480.868
	230	425.316	433.822	442.329	450.835	459.341	467.848	476.354	484.860	493.367
	231	436.411	445.139	453.867	462.596	471.324	480.052	488.780	497.509	506.237
	232	447.839	456.796	465.753	474.709	483.666	492.623	501.580	510.536	519.493
Grunnskólakennari	233	459.609	468.801	477.993	487.186	496.378	505.570	514.762	523.954	533.146
Danskennari										
	234	471.735	481.170	490.604	500.039	509.474	518.909	528.343	537.778	547.213
Umsjónarkennari	235	484.225	493.910	503.594	513.279	522.963	532.648	542.332	552.017	561.701
Sérkennari										
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	497.087	507.029	516.970	526.912	536.854	546.796	556.737	566.679	576.621
	237	510.338	520.545	530.752	540.958	551.165	561.372	571.579	581.785	591.992
Náms- og starfsráðgjafi 2	238	523.982	534.462	544.941	555.421	565.901	576.380	586.860	597.339	607.819
Verkefnisstjóri 1										
	239	538.037	548.798	559.558	570.319	581.080	591.841	602.601	613.362	624.123
	240	552.515	563.565	574.616	585.666	596.716	607.767	618.817	629.867	640.917
Verkefnisstjóri 2	241	567.429	578.778	590.126	601.475	612.823	624.172	635.520	646.869	658.218
	242	582.785	594.441	606.096	617.752	629.408	641.064	652.719	664.375	676.031
	243	598.606	610.578	622.550	634.522	646.494	658.467	670.439	682.411	694.383
	244	614.902	627.200	639.498	651.796	664.094	676.392	688.690	700.988	713.286



Reiknivél

Samningstími: 1. desember 2017 til 30. júní 2019					
Gefnar forsendur haldast óbreyttar allt tímabilið í reiknivélinni. Hún sýnir því ekki allar launabreytingar sem kunna að falla til á tímabilinu svo sem vegna hækkunar á starfsaldri, nýju starfsheiti eða starfshlutfalli eða vegna viðbótar framhaldsmenntunar. Texti kjarasamningsins ræður ef niðurstöður reiknivélarinnar eru aðrar en það sem kemur fram í textanum.					
Afsal aldursafsláttar (veldu úr felliflipa)	Já	Mán.	Dagvinnulaun (skv. eldri menntunarákv.)	Dagvinnulaun (ef valin eru ný menntunarákv.)	Annaruppbætur / Eingreiðslur
		maí.18	441.507 kr.		
Kennsluferill	0 ár	jún.18	459.609 kr.		85.000 kr.
Starfsheiti (veldu úr felliflipa)	Grunnskólakennari	júl.18	459.609 kr.		150.000 kr.
Starfshlutfall	100%	ágú.18	459.609 kr.	533.146 kr.	
Viðbótarnám/framhaldsnám eða leyfisbréf í framhaldsskóla/leikskóla ?	☐ Já ☒ Nei	sep.18	459.609 kr.	533.146 kr.	
Tvöfalt Bed/BA/BS próf eða Med/MA/MS ?	☐ Já ☒ Nei	okt.18	459.609 kr.	533.146 kr.	
Doktorspróf ?	☐ Já ☒ Nei	nóv.18	459.609 kr.	533.146 kr.	
ECTS einingar umfram Bed. próf [ný menntunarákvæði] (veldu úr felliflipa)	270 ECTS	des.18	459.609 kr.	533.146 kr.	85.000 kr.
Grunnröðun	launaflokkur 233	jan.19	459.609 kr.	533.146 kr.	
Kennsluferill / starfsþróun til 30. júlí 2018	+ 0 lfl.	feb.19	459.609 kr.	533.146 kr.	
Kennsluferill / starfsþróun frá 1. ág. 2018	+ 0 lfl.	mar.19	459.609 kr.	533.146 kr.	
Viðbótarflokkar skv. eldri menntunarák.	+ 0 lfl.	apr.19	459.609 kr.	533.146 kr.	
Viðbótarlaunaröðun skv. eldri menntunarák.(%)	+ 0,0%	maí.19	459.609 kr.	533.146 kr.	
Persónuálag skv. nýjum menntunarák.	+ 16,0%	jún.19	459.609 kr.	533.146 kr.	89.000 kr.
		júl.19	Dagv. +4,1%	Dagv. +20,8%	Samt. 409.000 kr.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

FG og FL

Mat á viðbótarmenntun Símenntunarákvæði

Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga

Menntunarkaflinn hjá FG

- Skipting, 3 ákvæði er varða mennun :
 - 1.3.2.1 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar – Kennarar með leyfisbréf
 - 1.3.2.2 Viðbótarlaunaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa – Sólarlag
 - 1.3.3 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar – Leiðbeinendur

Samkomulag

Á samningstíma FL eða til 31.
mars fer mat á menntun
leikskólakennara með
leyfisbréf fram með sama
hætti og hjá félagsmönnum í
FG



Persónuálag v/ viðbótarmenntunar Kennarar með leyfisbréf, Náms og starfsr.

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Persónuálag vegna menntunar í stað launaflokka
- 2% hækkun fyrir hverjar 30 ECTS einingar á háskólastigi sem eru umfram grunnnámsprófgráðu í háskóla
 - Einingar sem standa fyrir utan B.ED. próf eða sambærilegt bakkalárspróf gilda til persónuálags
 - Námið þarf að nýtast í starfi
 - Ekki er hægt lengur hægt að fá persónuálag vegna náms í skólum sem ekki eru háskólastigi (List- og verkgreinaskólar)
- Mest hægt að fá 16% hækkun með persónuálagi (240 ECTS einingar)
- Starfsmaður sem hefur lokið formlegu doktorsprófi fær 6% til viðbótar
- Starfsmenn sem ákveða að fá menntun sína metna samkvæmt ofangreindu taka laun eftir launatöflu 1. sem tekur gildi 1. ágúst 2018



Viðbótarlaunafl. Sólarlag

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Val um að fá menntun metna skv. eldra ákvæði sbr. gr 1.3.2
- Þeir geta valið sem voru í starfi fyrir 1. ágúst 2018 - Líka þeir sem hafa tekið laun skv. samningnum fyrir 1. ágúst 2018 en hafa ekki verið í starfi - **Leiðbeinendur hafa ekki val**
 - **Allir kennarar** skila eyðublað þar sem þeir gera grein fyrir sínu vali
 - Starfsmenn sem ákveða að fá menntun metna skv. sólarlagsákvæði fá greitt skv. launatöflu 2
- Sólarlagið framkvæmt eins og menntun kennara var fyrir upptöku persónuálags skv. gr. 1.3.2
 - Að hámarki 1 lfl. fyrir 1. mgr. - 30 ECTS eða 60 ECTS, Listnám við skóla sem eru ekki á háskólastigi, leyfisbréf á tveimur skólastigum
 - Að hámarki 2 lfl. fyrir 2. mgr. - Meistarnám, tvöfalt B.ed, BA eða BS
 - Að hámarki 3 lfl. fyrir 3. mgr. – Doktorspróf
- **Geta ekki bætt við sig námi á þessari leið** – Verða að færa sig yfir í persónuálag um leið og það er hagstæðara fyrir þá
 - Kennarinn ber ábyrgð á að láta vita þegar hann vill færa sig á milli kerfa



Persónuálag v/ viðbótarmenntunar

Leiðbeinendur 3 og 4

Tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018

- Persónuálag vegna menntunar í stað launaflokka
- 2% hækkun fyrir hverjar 30 ECTS einingar á háskólastigi sem eru umfram grunnnámsprófgráðu í háskóla
 - Einingar sem standa fyrir utan B.ED. próf eða sambærilegt bakkalárspróf gilda til persónuálags
 - Námið þarf að nýtast í starfi (**Allt eða?**)
 - **Ekki er hægt að fá persónuálag vegna náms í skólum sem ekki eru háskólastigi**
- Leiðbeinendur 3 og 4 geta fengið allt að 8% hækkun (120 ECTS einingar)
- Taka laun eftir launatöflu 1 sem tekur gildi 1. ágúst 2018 – Hafa ekki val



Sameiginleg atriði Kennarar og leiðbeinendur

- Hækkanir vegna viðbótarmenntunar taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram staðfest námsferilsyfirlit frá viðkomandi háskóla til vinnuveitanda.
- Á námsferilsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir loknar ECTS einingar.
- Einingar eru aldrei tvítaldar
- Nám skal nýttast í starfi.



Meginreglur

Mat á menntun til persónuálags

- 1. Grunnháskólapróf – BA, B.ed, B.mus eða sambærilegt 180 ECTS eininga nám er alltaf byrjunarpunktur
- 2. Fyrstu 180 ECTS eru aldrei metnar til persónuálags
- 3. Menntun umfram 180 ECTS metinn til persónuálags
 - Allt að 240 ECTS í tilfelli kennara með leyfisbréf
 - Allt að 120 ECTS í tilfelli leiðbeinenda 3 og 4



Mat á menntun FL Háskólamenntaðir starfsmenn

- Sérstök menntunarákvæði fyrir leiðbeinendur í FL grein 10.4.2.
 - Fá tvo launaflokka fyrir hverjar 60 ECTS.
 - Meistarapróf gefur að hámarki 6 lfl.



Starfsþróun og laun FG



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Leiðbeinendur, kennarar og náms- og starfsr.

- Laun vegna starfsþróunar tengist kennsluferil (starfsaldri)
 - Kennsluferill ávinnst skv. eftirfarandi reglu, <33% starf 0 ár, 33-49% starf 6 mánuðir, 50-100% 1 ár
 - Mismunandi ávinnsla eftir því hvort kennari hefur afsalað sér kennsluafslætti eða ekki
 - Skilyrði er þátttaka í starfsþróunaráætlun skóla
- Kennarar sem hafa afsalað sér kennsluafslætti sbr. grein 2.5.2.1
 - fá tvo launaflokka eftir 5 ára kennsluferil, tvo til viðbótar eftir 10 ára kennsluferil og tvo að auki eftir 15 ára kennsluferil.
- Kennarar sem hafa ekki afsalað sér kennsluafslætti sbr. gr. 2.5.2.1
 - fá einn launaflokk eftir 5 ára kennsluferil, annan eftir 10 ára kennsluferil og þann þriðja eftir 15 ára kennsluferil.
- Allir kennarar fá einn launaflokk eftir 20 ára kennsluferil óháð því hvirt þeir hafa afsalað sér eða ekki



Laun útfrá lífaldri

(Sólarlagsákvæði, 17. nóvember 2004)

- Laun vegna starfsþróunar tengist kennsluferil (starfsaldri)
 - Kennsluferill ávinnst með sama hætti, <33% starf 0 ár, 33-49% starf 6 mánuðir, 50-100% 1 ár
 - Mismunandi ávinnsla eftir því hvort kennari hefur afsalað sér kennsluafslætti eða ekki
 - Skilyrði er þátttaka í starfsþróunaráætlun skóla
- Kennarar sem hafa afsalað sér kennsluafslætti sbr. grein 2.5.2.1
 - fá tvo launaflokka við 35 ára aldur, tvo til viðbótar við 40 ára aldur og tvo að auki við 45 ára aldur.
- Kennarar sem hafa ekki afsalað sér kennsluafslætti sbr. gr. 2.5.2.1
 - fá einn launaflokk við 35 ára aldur, einn til viðbótar við 40 ára aldur og einn að auki við 45 ára aldur.
- Allir kennarar fá einn launaflokk við 50 ára aldur óháð því hvort þeir hafa afsalað sér eða ekki



Starfsþróun og laun FL

Leikskólakennarar með leyfisbréf

- Laun vegna starfsþróunar leikskólakennara tengist starfsaldri
- Skilyrði er þátttaka í starfsþróunaráætlun skóla
- Leikskólakennarar fá sbr. gr.
 - tvo launaflokka eftir 5 ára kennsluferil
 - tvo til viðbótar eftir 10 ára kennsluferil
 - tvo að auki eftir 15 ára kennsluferil.



Starfspróun og laun FL

Háskólamenntaðir starfsmenn (leiðbeinendur)

- Laun vegna starfspróunar háskólamenntaðra tengist starfsaldri
- Skilyrði er
 - þátttaka í starfspróunaráætlun skóla
 - Að starfsmaður sé í föstu starfshlutfalli
- Háskólamenntaðir fá sbr. gr.
 - tvo launaflokka eftir 5 ára starf
 - tvo til viðbótar eftir 9 ára starf
 - tvo að auki eftir 15 ára starf



Ábyrgð á skilum og móttöku gagna



Reykjavík 22. janúar 2018

Ágæti viðtakandi.

Þeim málum hefur fjölgað þar sem upp kemur ágreiningur um hvort nauðsynleg gögn vegna launaröðunar liggja fyrir hjá launadeild sveitarfélags eða stjórnendum. Hér er oftast um að ræða gögn sem staðfesta kennslu-, stjórnunarferil, menntun og viðbótarmenntun hjá kennurum eða stjórnendum skóla.

Um mikla hagsmuni er að ræða að launaröðun sé rétt í upphafi, bæði fyrir vinnuveitanda og starfsmann. Leiðrétting getur átt sér stað vegna rangrar launaröðunar allt að 4 ár aftur í tímann með tilheyrandi kostnaði og umsýslu af hálfu vinnuveitanda. Einkenni slíkra mála er þá gjarnan ágreiningur um hvort gögnum hafi verið skilað eða ekki og jafnvel er deilt um ábyrgð hvors aðila þegar kemur að skilum eða varðveislu gagna. Dæmi er um tilvik þar sem kennari kom til starfa eftir nokkurra ára hlé í sama sveitarfélagi en hóf störf í öðrum skóla innan sama sveitarfélags. Stjórnandi og kennari töldu víst að fullnægjandi gögn lægju fyrir hjá launadeild frá fyrri tíð en svo reyndist ekki vera.

Ábyrgð vinnuveitanda er mikil þegar kemur að launaröðun, útreikningi launa, utanumhaldi með gögnum starfsmanna og ráðningu starfsfólks. Til þess að verða ráðinn kennari/stjórnandi við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari sbr. lög nr. 87/2008. Ábyrgð vinnuveitanda er að kalla eftir nauðsynlegum gögnum þessu til staðfestingar sem og öðrum gögnum sem nauðsynleg eru vegna launasetningar starfsmanns. Með tilliti til stjórnsýslulaga hvílir leiðbeiningarskylda á stjórnendum um þetta efni og er starfsmanni skylt að leggja fram nauðsynleg gögn ella kann hann að verða af kjarasamningsbundnum réttindum sínum.

Allir vinnuveitendur ættu að hafa þá vinnureglu að upplýsingar, þar með talin leyfisbréf eða undanþága til kennslu, gögn um menntun, viðbótarmenntun og kennslu- og stjórnunarferil, liggja fyrir hjá launadeild/skóla áður en ráðningarsamningur er staðfestur með undirskrift aðila. Á ráðningarsamningnum sjálfum eða með öðrum ótvíræðum hætti skal staðfesta með undirritun hvors aðila að framangreind gögn hafi verið lögð fram með fullnægjandi hætti. Báðir aðilar halda eftir eintaki með slíkri staðfestingu. Ekki telst fullnægjandi að launamaður vísi til þess að gögn liggja fyrir hjá vinnuveitanda frá fyrri ráðningum. Í slíkum tilfellum eins og um nýjan starfsmann væri að ræða er rétt að fara fram á að gögn séu lögð fram að nýju.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður lýkur viðbótarnámi eftir að ráðning hófst skal jafnframt staðfesta móttöku slíkra gagna skriflega af beggja hálfu. Minnt er á að það er á ábyrgð starfsmanns að skila gögnum/viðbótargögnum og taka launabreytingar gildi næstu mánaðarmót eftir að þeim er skilað til fulltrúa vinnuveitanda eða launadeildar.

Mikilvægt er að hefja ALDREI launagreiðslur vegna ákvæða í kjarasamningi fyrr en öll gögn liggja fyrir s.s. vegna menntunar, starfsferils og leyfisbréfs. Ferilskrá telst ekki fullnægjandi gögn til staðfestingar um lokið nám og starfsferil.

Með bestu kveðju


F.h. kjarasviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga
Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur



Ábyrgð á skilum og móttöku gagna

- Allir vinnuveitendur ættu að hafa þá vinnureglu að hafa öll gögn tiltæk áður en launagreiðslur hefjast
- Best er að gögnin liggi fyrir hjá launadeild/skóla áður en ráðningarsamningur er staðfestur með undirskrift aðila.
 - Leyfisbréf
 - Gögn um menntun, viðbótarmenntun
 - Kennsluferil
 - Stjórnunarferil
 - Undanþáguheimildir til kennslu í tilfalli leiðbeinenda
- Góðar vinnureglur:
 - Með ótvíræðum hætti skal staðfesta með undirritun hvors aðila að framangreind gögn hafi verið lögð fram með fullnægjandi hætti
 - Báðir aðilar haldi eftir eintaki með slíkri staðfestingu.
 - Í þeim tilvikum sem starfsmaður lýkur viðbótarnámi eftir að ráðning hófst skal jafnframt staðfesta móttöku og afhendingu gagna skriflega af beggja hálfu.
 - Það er á ábyrgð starfsmanns að skila gögnum/viðbótargögnum og taka launabreytingar gildi næstu mánaðarmót eftir að þeim er skilað til fulltrúa vinnuveitanda eða launadeildar.



Takk fyrir

